

Reykjavík, 24. mars 2020

Kæri viðskiptavinur.

Við hjá Borgun leggjum áherslu á að aðstoða viðskiptavinum okkar eins og mögulegt er. Vegna heimsfaraldurs COVID-19 er mikið um afbókanir og endurgreiðslur og þá sérstaklega hjá aðilum í ferðaþjónustu og þeim sem standa fyrir ýmis konar viðburðum.

Við erum vissulega áhyggjufull vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem heimsfaraldur COVID-19 hefur á rekstur viðskiptavina okkar (hér eftir „fyrirtæki“ eða „seljendur“). Við gerum okkur grein fyrir því að truflun gæti orðið á sjóðsstreymi smærri og meðalstórra fyrirtækja og munum gera okkar besta til að styðja við áframhaldandi rekstur slíkra fyrirtækja. Borgun mun að svo stöddu ekki grípa til beinna aðgerða, en beinir því hins vegar til seljenda sem fá fyrirgreiðslu (brúarlán) hjá viðskiptabanka sínum vegna heimsfaraldurs COVID-19 í samræmi við aðgerðaráætlanir stjórnvalda að setja uppgjör neikvæðrar stöðu í forgang. Með því móti er betur unnt að tryggja áframhaldandi færsluhirðingu af hálfu Borgunar og samstarf við seljendur á þessum óvissutímum.

Við vonum svo sannarlega að áhrifin af COVID-19 verði eingöngu tímabundin og að hefðbundin starfsemi taki við sem fyrst. Á sama tíma hvetjum við seljendur til að gera upp neikvæða stöðu sé þess nokkur kostur.

Einnig viljum við benda á að eftirfarandi gildir í samningssambandi Borgunar og seljenda samkvæmt ákvæðum viðskiptaskilmála Borgunar:

- Seljandi skal greiða Borgun fjárhæð endurgreiðslu að fullu, ásamt þeim gjöldum og þóknunum sem á hana leggjast, þegar endurgreiðslu er krafist. Sjá gr. 5.4 viðskiptaskilmálanna.*
- Seljandi skal að kröfu Borgunar greiða aðrar fjárhæðir sem tilgreindar eru í seljendasamning aðila, þ.m.t. endurgreiðslur. Sjá gr. 17.2 viðskiptaskilmálanna.*
- Borgun mun að jafnaði draga öll gjöld og aðrar fjárhæðir, þ.á m. endurgreiðslur, frá uppgjöri seljanda. Sjá gr. 17.4, 18.1 og 18.2 viðskiptaskilmálanna.*
- Borgun er heimilt með skriflegri tilkynningu til seljanda að skuldajafna á móti skuld seljanda við Borgun vegna eða í tengslum við seljendasamning aðila eða annarra samninga. Sjá gr. 18.3 viðskiptaskilmálanna.*

Hér með tilkynnist að Borgun hefur og mun, og þar til annað er tilkynnt, draga kröfur Borgunar vegna endurgreiðslna frá uppgjörum til seljenda í samræmi við viðskiptaskilmála Borgunar. Á það við hvort sem endurgreiðsla sé vegna færslu sem átti sér stað á öðru uppgjörstímabili eða undir öðrum samningi seljanda við Borgun. Hið sama á við um önnur gjöld og annan kostnað sem Borgun er heimilt að draga frá uppgjöri til seljenda. Allir frádrættir samkvæmt þessu verða skráðir af Borgun. Heimildir Borgunar styðjast jafnframt við almennar reglur um skuldajöfnuð.

Hafir þú einhverjar spurningar varðandi framangreint, hvetjum við þig til að hafa samband við okkur með því að senda tölvupóst á tilkynningar@borgun.is

Með kærri kveðju og óskum um áframhaldandi gott samstarf,
starfsfólk Borgunar